

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 10/2007

frá 27. apríl 2007

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2006 frá 8. desember 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 956/2006 frá 28. júní 2006 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 94/92 að því er varðar skrá yfir þriðju lönd **sem tilteknar lífrænt ræktaðar landbúnaðarafurðir** verða að vera upprunnar í til að setja megi þær á markað í Bandalaginu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32006 R 0956**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 956/2006 frá 28. júní 2006 (Stjtið. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 41).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 956/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 17, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 41.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.